

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

13. ISBN 978-9935-409-12-6

Helia Mimir valkyrja

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

eka sarva brahm, eitt er ætið ginnungagap, ekker er annað, allt er það

सर्वं खल्विदं ब्रह्म एकमेवाद्वितीयम् एक सर्वं ब्रह्म नेह ननस्ति किञ्चन्

hagall hagl jökull khadjala खजल खज़ल khadñjala

daggardropar þoka regn

खं kha/kham tóm/rúm/himinn जल djala vatn

Helja Mímir valkyrja

-Heil, bjarta kalda Hel. Blá hálf, hvít hálf.

-Heil, völva smá. Velkomin sértu.

Þig fýsir að heyra mál mitt?
Þú ert ekki ein um það.

Heimurinn hylur upprunann, en nærast úr honum.
Orðin verða til úr dýpinu,
blómstra í heimi.
Allt verður til úr dýpinu,
og blómstrar í heimi.

Veröldin er hula, völva smá.
Hylur sannleikann.
Ég er einnig hulin mönnum.
Ég er hulu sveipuð einnig.

Hulinn er sannleikurinn, tilveran, uppruninn, raunveran.
Einn er svinnur, ginnungagap, Gláðheimar.
Mörg nöfn og enn fleiri til um eitt og hið sama.

ekam sad vipra bahudha vadanti एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति
einn er sannleikurinn, hinir vitru nota um hann mörg nöfn.

Dá, dvínun, er framið með valkyrju. dhyaana ध्यान (27.)

Það eru meiðmar.

Annað er þjófnaður. (36.)

Það eru meiðmar til móður náttúru, sem er hula. (36.)

Gjöf skal til hennar gjalda með fórn, eigi vináttu hennar að halda.

Fórn er það að færa gjöf til veizlunnar.

Veizlan er at Ægis og í Gláðheimum Óðins.

Veröldin er hula, völva smá. (36.)



Náttúran sem við sjáum með
augunum hylur uppruna hennar,

vömbin og gröfin hylja fyrir okkur,



rétt einsog páskaeggið.

Steig til Heljar, reis aftur upp,
sagt er frá eftirá, í þátíð því at Heljar er ekki manns hugsun,

ek hékk, nýsta ek niður, né sældu, nam, féll, leitaði, féll aftur þaðan.

Allt í þátíð, mín smáa.

Maðurinn talar ekki þegar hann hnýsist niður í fyrsta sinn.

Hann aðeins er.

Segir svo frá eftirá hvernig var.

Maðurinn talar ekki í Helju.

Hann aðeins er hið fingerðasta.

Vitund hans er alheimsvitund,

en fræ minnis tengir hann við framtíð hans.

Urður Verðandi Skuld vita alltaf hvað bíður manns.



Ég er björt of köld. Til mín koma menn, frá mér fara menn.



Ekki lifa höfuðskepnurnar hjá mér.

(26.)

Sagt er frá Hermóði og heimsókn hans til mín, er hann endurheimti Baldur sinn mönnum á jörðu til gleði og lífs.

Saga.

Drama.

Sagt frá eftirá.



Ú er hjóðið sem felur.
Ekki sagt.

nír-úkta निरुक्त er sjálfsvísandi. Ekki sagt.

Úkta er af vac वच्, orð sem sagt er, völva smá. Hefur skapast, og segir um leið að það inniheldur upprunann, skaparann, eindina. Þegar það verður að orði inniheldur það hið guðlega hulið.

Eitthvað verður til í veröld, mín smáa.
Það er túlkað. Plat-útskýring, aðeins mannanna orð um upprunann.

Allt er í upprunanum, en engin orð ná að útskýra hann.
Hann verður undur þeim sem ekki eru einherjar.

undarlegt acariam अचरिम् (frb. atsjaríam)

Menn tala um hann sem undur og reyna að útskýra.

nír-úktí निरुक्ति í dýpstu merkingu sinni, er um ginnungagap.

nirúkt sjálfsvísandi

nírúktaga निरुक्तग (ga ganga gengið)

Farið í gegnum allt til hins óræða. Nafn um hið óræða æðra.


Þannig útskýrir maður á einfaldan hátt hið óvitaða.

Kallað mystics of Reality. Duld og dulúð sannleikans.

Hulið sjónum mannanna, þeirra sem ekki eru uppljómaðir.

Ofur einfalt.

Það sem maður skilur ekki er hókus pókus fila rókus fyrir manni.
Sá sem skilur sér það ekki sem hókus pókus,
þarf ekki abraða kabrada.



-púmm dauður!

re quies



svo kemur: Allt í plati rassagati ! Enginn deyr !!
Svona eru allar útskýringar hér, he he ha ha hí hí.

Hver haldið þið sossum að fatti upp eða niður í þessu
-- upp í himnaríki eða niður í helvíti,
(þessi var góður hjá mér !!)

„Ég skil hvorki upp í himnaríki né niður í helvíti í þessu bulli !!! “

Og hver nennir að hlusta á svona útskýringar
sem fara einsog köttur í kringum helvíti heitan graut og ná engum tókum á
blessuðu efninu?

Ekki ég.

Ég er allt of upptekin af að láta menn lifa lífinu !!

Of mikilvægt til að missa þá í svona hringavitleysu, fröken Helia.

-Valhöll er vitundarstig sprelllifandi manns,
en ég, Hel, er kaffipása milli æva.



Jafnaðvelt að deyja sem að sóast. Dá, dvínun hugsunar.

Helvíti og himnaríki eru aðeins til á jörðu meðal mannanna.

Ég er pásá með Urði Verðandi Skuldu (skyldu, 33.) sem hnetu minnis,
kannski í goggi hauks sem haukfránum augum lítur allt.

Geyr garmur (gharma घर्म hiti) mjök fyr Gnipahelli.


Gelur hani fagurrauður.

Það er hinn mikli vafurlogi.

En í öllum guðanna bænum ekki búa til hreinsunareld hér!!

Menn taka sinni Skuldu (33.) í næsta lífi.

Ég er aðeins köld og björt.



hagall

Menn hafa einnotabúk,
fjölnota æviskeið,
eitt eilíft líf.

Geri og Freki og jötnar éta búkinn, (22.)

Helia fær lífið bjart og kalt.

geyja (gó þt) aasiurgeya आशीर्गेय söngur með blessun, beneditsjón,
blessunarsöngur, Æsir? óskir geyja / gíta

aashis आशिस er ósk, bæn, bön, ashir-úkti आशिरुक्ति er blessun,


Hversu margar eru ekki þær hetjur sem skreppa til mín og fara svo aftur
einsog ekkert sé sjálfsagðara?

(sjá viðtal við drauga í 23. skræðu)



Börn Loka eru Jörmungandur Fenrir Hel (3.).


Á Histlant terra (Ísalandi) deyja menn í fjall eða hverfa ströndum.



Horfinn ströndum þýðir: skrapp til Heljar, kemur brátt siglandi hingað á ný.

Þannig hugsa norrænir sjómenn og víkingar.

Allan veturinn vita menn að vorið kemur,
alla nóttina vita menn að morgunninn kemur,
alla dvölinna hér vita menn að þeir fæðast að nýju.



gröfin og vömbin tákna stundum aðeins:

hið hulda sjónum.

helia er hula,

eitthvað er vitað en ekki enn hefur það séð dagsins ljós.

Það er mismunandi hvað fólk meinar með „ég“.

Menn geta sagt „ég“ um kroppinn sinn, og „ég“ um „íbúann“ í kroppnum.

Halló! Er einhver heima?

Kroppurinn breytist alla ævi, hvert einasta snifsi,

en sálin er í honum til að þróast.

Hann er hin helgu vé eigandans.

Veraldlega fyrirtækið er svo lagt niður við dauða búksins, en forstjórinn fer í kaffipásu til mín, dvelur hér hjá mér.

Heldur svo áfram með því að stofna nýtt fyrirtæki, því tilganginum er ekki náð.

Lokamarkmiðið er enn undan.

maaya **माया** avidya **अविद्य** er það að efnið glepur. Ósvinna

(a-vidya ekki vit).

Og hvað er nú til ráða þegar maaya og avidya byrgja mönnum sýn á hverjir þeir eru, þannig að „þekktu sjálfan þig“ skilst ekki einu sinni?

Mennirnir þurfa að losa sig við Gunnana þrjá (3., 5.), smáa völvu,

nístraigunyo bhav, **निस्त्रैगुण्यो भव्** -- vertu Gunnalaus,

því þeir strjórna öllu í verslu og menn eru ekki versla heldur raunveran tær.

-Hvað er dauði, Hel?

*Hvað gerist þegar maður deyr til þín, deyr í fjall, horfinn ströndum?
Fara vopndauðir menn þá ekki í Valhöll og sótt dauðir til þín?*

-Nei. Margt hefur ruglast saman við stofnanatrú á síðari tímum.
Lifandi menn komast í Valhöll (30.),
þeir sem sóast í Gláðheima,
stunda sitt Gunna-leysi.

Þeir ná í Valhöll (sprelllifandi á sinni ævi)
sem sóast iðla í Gláðheima,
fremja sína valkyrju.

Horfnir menn koma til mín í tímabundna hvíld í friði,

-- nema þeir sem ekki ætla að fæðast enn á ný.
Þeir fara ekki neitt.

Þeir eru uppljómaðir
og það að deyja er ekki neitt sérstakt í þeirra huga.
Þeir eru alls staðar í senn eftir sem áður.
Ekki lengur einskorðaðir við að ganga um í líkama.

Valkyrjur eru sagðar flytja menn upp í himininn.
Þær eru þjónustumeypjar vitundar. Gjörningur sá að sóast.



dhyaana ध्यान .

Dá, dvínun, sem són,
og dá sem heimsókn til mín,
má hvort tveggja kalla að ríða með valkyrjunum í himininn inn.

Husgun lifandi manns dvín.
Hugsun hverfur, sóast.

Dauður,
eða aðeins að vera án Gunnanna þriggja,
er ósköp svipað.

Annað er að hvíla sig á Gunnadansi í nokkrar mínútur í sínum lifandi kroppi,
hitt er að leggja niður kroppinn sinn og koma til mín um hríð.

Auðvitað er þetta misskilið sem að aðeins dauðir menn komist í himininn inn, þar sem áhrifa gætir á hugsun manna frá aðfluttum skoðunum sem eru örðu vísi en okkar.

En þær skoðanir höfðu einmitt þann slæma tilgang,
að menn hættu að skilja sína eigin djúpu menningu,
og færu að verða hræddir um að tíminn væri að renna út,
þ.e. þessi eina ævi sem þeim var talin trú um að þeir ættu.

aayus आयुस् ævi, veda वेद vit vitzka þekking

aayur veda आयुर्वेद þekkingin til að halda fullkominni heilzu kroppisins (39.).

Enn heyrir fólk segja: við eigum aðeins eitt líf,
sem er rétt í okkar skilningi sem hið eilífa líf og mörg æviskeið,
en rangt í skilningnum ein ævi.

Margir segja nú samt einnig: ég er viss um að ég var hér í fyrra lífi.
Það getur verið hið rétta og sanna.

Ég, fröken Helja, er gestrisin,
á meira að segja diska og hnífapör, sem engin þörf er á!!!
Þá er heldur ekkert uppvask.

Enginn þarf að borga stjörnuhótelið, og enginn settur í uppvaskið.



Bara Velkomin!!! Öll og hver sem er !!

Ekki alveg 1000 stjörnu hótél.

-- en gott hótél er hér hjá Helju eigi að síður þótt ekki sé stjörnutala á því.

Veiztu hvað 1000 stjörnu hótél er ?

Það þýðir að sofa úti undir berum himni eða í tjaldi !!!



haha hehe

Lekur nokkuð þakið hjá þér, blessuð Helja mín ?
Er kannski ekkert þak á starfseminni hjá þér, vinkona?

-Menn í Helju þurfa ekki að sælast á hleifi né horni-gi hvort eð er, og sæng er þeim óþörf.

Til er kvæðið Hótel jörð um nokkuð dýrt og brösótt hótél
enda eru forstjórarnir Gunnar þrír og menn taka þar sinni Skuldu,
menn baksa við að hafa sinn frjálsa vilja,
þrátt fyrir þessa ráðríku forstjóra.

En Heljar hótél er ókeypis, og mikil kyrrð.
Við segjum, að dvöl lokinni, bless takk sjáumst,
þegar sumir eru að undirbúa jarðneska foreldra með næsta getnaði.



Hjá mér er hið fingerðasta hvers manns,
ek, svinnur; ahamkar (ég bý til mig).
Það er vín Valföðurs við hvert hann æ unir. (14.)

(26., höfuðskepnur; 20., 8-falt prakríti)

भूमिरापो ऽनलो वायुः खं मनो भुद्धिरेव च अहंकार इतीं मे भिन्ना प्रकृतिर्अष्टधा

jörð vatn eldur loft rúm hugur vitsmunir ég-geri-mig,
er 8-föld náttúra ginnungagaps.

Við vín eitt alföður æ unir, en kjöt gefur hann greyjum sínum. (22.)

Þegar Óðinn hefur gefið greyjum sínum kjötbúkinn, verða eftir hin
fingerðustu svið hinnar áttföldu náttúru ginnungagaps skapaðs.

þ.e. ek svinnur vitsmunir vín Valföðurs (14.).
Ef til vill akash þínu ponds (26.).

Aðeins hið fingerðasta einstaklingsins er hér hjá mér.

Eigi höfuðskepnur, því skepna er eitthvað skapað, ekki satt.
Það hismi, kjöt-búk, gefur maðurinn sjálfur (/Óðinn) greyjunum Gera og Freka.

Gerri Freki og jötnar (22.) háma í sig til endurvinnslu rúm loft eld vatn jörðu, höfuðskepnurnar 5
-- sem skilningarvitinn og heilinn eru stundum svo upptekin af að hið fingerðasta gleymist!!

Hjá mér eru ekki höfskepnurnar 5 (26.), og þar með ekki vata pitta kapha, eldhúsið í Valhöll, sem er fyrir sprellifandi menn í sínum búk.

Hér eru ekki Gunnarnir þrír.
Þeir stjórna öllu í veröld en engu hjá mér.

Vei felur, Helia felur,
skoðið eþnoastrology: kvæði og goðsagnir fela sannleikann.

Þróunin fer aldrei afturábak. Sá sem fæðzt hefur maður fæðist alltaf aftur maður.

-Hvað er þá hjá þér, blíða Hel?

-Prakriti er bæði paraprakriti og prakriti sem er 8-föld í eðli sínu, en hinn mikli svinnur, þúrúsha, býr til sitt áttfeldi sem náttúru:


→ ek (einstaklingur) → svinnur → hugur → rúm (Heimdallur(?))
|
|
| hringur, ferli, 8-föld náttúran; |
| höfuðskepnan rúmið er ¾ hlutar veraldar, v |
| höfuðskepnurnar loft, eldur, vatn og jörð samanlagðar ¼ |

← jörð ← vatn ← eldur (Ullur(?)) ← loft (Hræsvelgur(?)) ←

rúmið er að hluta óskapað, orka, að hluta skapað, efni;
loft, eldur, vatn, jörð skapað efni, ek, svinnur, hugur óskapað, orka.

Lærðu um þetta í 26., höfuðskepnur verða til,
og lærðu um 8-falda náttúru þúrasha.

Hjá mér er ahamkar svinnur í fingerðri mynd,
en örugglega ekki mikið af restinni.
Sumt fer í hundana (22.),
aðeins hið fingerðasta geymi ég.
aham-kar er ég-geri-mig, ég bý mig til sem einstakling. Ek.



Dá með því að fremja valkyrju er að sóast um stundarsakir dag hvern.
(25.)

Dá með því að leggja niður bókinn er dá um stundarsakir milli æva.



Menn deyja þegar þeirra Urður Verðandi Skuld er of yfirþyrmandi fyrir
þáverandi kropp (33.).
En ferðinni til fullkomunar er ekki lokið.

Menn skilja ekki hví dauðinn kemur þegar hann kemur.
Því geta menn ekki fyllzt sektarkennd.
Þeir skilja ekki ástæðurnar. Aðeins Urður Verðandi Skuld vita.
Þær eru einfalt lögmál.

Vegir gjörða eru órannsakanlegir

Bhagavat-gita: gahana karmanó gatih गहना कर्मनो गतिः

Við skulum ekki halda að nein guð séu að krukka hér í gjörðafækjunni.
Þetta með vegi Guðs er afleitt.

Allt er fullkomið í náttúrunni frá náttúrunnar hendi,
framþróun tilgangur og markmið.

Mennirnir sjálfir eru alábyrgir gjörða, orða og hugsana, með sinn frjálsa vilja.

Ég tek skýrt fram að guðin hegna ekki, hefna ekki, þau eru Þundarflæði, sem auðvitað styður ekki það sem gegn þróun stríðir.

Ekki er við guðin að sakast heldur við sjálfan sig og sitt rugl.



Guðin eru forsetar náttúrulögmálanna. Ætíð í þróunarátt. Ætíð sannleikurinn, ætíð rétt. Úr tívatúni kemur sköpunarorkan.

En það er lágkúrulegt lunkubragð að nota einhvern Guð sem refsivönd og grýlu.

Börn og auðtrúa fólk sjá e.t.v. ekki í gegnum þetta óþverrabragð. Þetta virkar líklega aðeins á þá sem eru á lágum vitundarstigum.

Auðvitað er þetta snilldar-strategía (/ -hernaðarlist) Rómarveldisins að skjóta sér á bak við grýlu-Guð. En þessi misnotkun og misþyrming á æðslu vizku er grátleg.

Tilheyrir kali-yuga. Sem betur fer á undanhaldi.

Menn eru að finna raunverulegan grunn trúarbragða sinna.

Það hefur vantað sálina í svona kerfi.

Úr hendi lögmála náttúrunnar innan hins mikla svinns, og sköpunin paraprakriti, er allt saman fullkomið og snurðulaust, og tilgangurinn framþróun og fullkomnun.

Menn ættu að vita að þessi ferli eru í þróunarátt hjá þeim sem eru á hraðferð á sinni þróunarbrautu.

Svo sem einherjar sem þegar lifa Valhöll. (15.)

Þeir menn fara í æðstu heima eða fæðast á ný.

Auðvitað til að halda áfram á sinni hraðbrautu.

Í fræðum norrænum lærum við um Heliu,

sem er e.k. kaffipása milli æviskeiða.

Urður Verðandi Skuld virka alveg í gegnum mig, blessaða Heliu ykkar. Menn bera með sér fræ minnis, sem er ef til vill hneti sem þeir bera í gogginum einsog haukur á flugi.

Með innihaldi þessarar hnetu, fræs, vita menn nákvæmlega til hvers, til hvaða lífs, þeir eiga að fæðast næst til að afgreiða sína Skuldu og skyldu.

Þetta veit Rígur (11.).

Þannig veljum við okkur stað og tíma til að fæðast á, og veljum okkur foreldra og fjöl-Skuldu (/ -skyldu).

Norrænir menn og germanskir eiga djúpan menningararf, en enn skortir þó nokkuð á djúpan skilning á því sem hér er að finna.

Raunar finnst þessi merki menningararfur víðast í Evrópu. En menn hafa týnt inntaki forna siðar.

Það er vegna yfirborðshugsana, yfirborðshugsunarháttar, vegna rangrar innprentunar, og Guðveldamenningar sem sagt er að hafi samofizt menningu okkar.

Mesti misskilningurinn er vegna þess að menn vita ekki að þeir eru ginnungagap.

Merkimiðar á menn skipta engu, heldur skilningur þeirra á hverjir þeir eru í raun.

Þeir, sem ekki kunna að gera rannsóknir innan svinnis með TM-tækninni, eru rótlausir og „tilgangslausir”.

Bókvit er skárri en ekkert, en betur má ef duga skal.

Líf og dauði er hluti náttúrulegra breytinga í lífinu á jörðu.

Þeir sem lifa munu sannlega deyja,
þeir sem deyja munu sannlega fæðast á ný.

Því skyli eigi gráta hið sjálfsagða.

Breytingar eru sjálfsagðar á veraldlegu sviði.

Hið eina sem er öruggt í heimi er breyting, litla ljúf.

Breyting á sér stað þessa stundina,

hefur ætíð verið og mun ætíð vera meðan heimur stendur.

Sem náttúrulegir viðburðir ættu líf og dauði ekki að marka djúp spor.

Þessi fyrirbæri, fæðing og dauði, eru þróunarinnar leið.

Þróunin er óstöðvandi,
og ferlin okkar tjá okkur um leið tilgang sköpunarverksins.

Það er einmitt svona sem það virkar.
Allt er snurðulaust og hefur sinn tilgang.
Lögmálin og guðin sjá um það.
Annmarkalaust frá þeirra hendi.

Þróun lífs leiðir til skilnings á hinu fullkomna.
Breytingar eru leið alheimstílgangsins, litla völvu mín.
Hver breyting er ein trappa í stiganum sem leiðir til fullkomunar.
Eigi skyli syrgja um of.

Hvernig svo sem breytingar hins hverfula eru, þjóna þær tilgangi
þróunarinnar.
Einnig breytingarnar eru undir stjórn þessa eilífa lögmáls um orsök og
afleiðingu.

En menn ættu ekki að taka líf og dauða annarra lífvera í sínar hendur.
Hver skyli sjá um sjálfan sig.
En gott er að hjálpa þeim sem í nauðum eru.
Einherjar lifa fyrir aðra.

Gegnum fæðingu og dauða næst tilgangurinn í tímans rás.
Kroppurinn góði gegnir þeim tilgangi fyrir hverja eina ævina.
Svo snjáist hann einsog hver önnur flík.

Menn hafa frjálsan vilja.
Geta þannig valið sér braut.
Góða eða vonda.
Hvaða braut vill hann leiða lífsflæði sitt á?

Þetta er í höndum mannanna.

Nú, þar eð breyting er óhjákvæmileg.
og þjónar tilgangi lífsins.
tökum við breytingum opnum örmum sem opnun nýrra dyra til að ganga
inn um.
Allt sem lifir deyr,
allt sem deyr fæðist á ný.
Dauðinn er ekki til.

Eigi skal gráta hið óhjákvæmilega heldur fagna því einsog það kemur.

Bhagavad gita, II 27

Þegar lifið yfirgefur búkinn,
er það svipað og að fermja sína valkyrju sprellumfandi.



Fyrir þann mann sem iðkað hefur sína valkyrju í áraraðir er einfalt að deyja úr líkamanum og koma til mín. Sársaukalaust og aðeins sælutilfinning. Hreint ekki neinn hryllingur.

Gæti virkað einsog að sleppa fugli úr búi.
Vera fugl sem sleppur úr búi.

Hvert fer hinn uppljómaði maður þegar hann fer?
Hann fer ekkert. Hann fer ekki neitt.
Hann er.

Líkaminn var tæki til að gera hluti í veröld.
En maðurinn er eftir sem áður. Aðeins er. Nú laus við kroppinn góða.

Svo er raunar um alla menn,
en það skilst ekki gerla hinum grugguga manni.

Sorg, þegar einhver deyr, er ósköp eðlileg.
Hinn látni var elskaður heitt af ættingum og nánnum vinum.

Sá sem kemur til mín finnur þá að dauði hans var ekki þungur þeim,
því eftir söknuð, sem kemur við að hafa misst eitthvað sem maður átti,
er aðeins ást og virðing.

Allt í veröld er hverfult,
það sem maður eignast mun hverfa, tapast.

Þeir sem eftir lifa halda áfram á sinni brautu til sinna markmiða.

Hver lifir sína Þundarþróun, svadharma. स्वधर्म


Enginn skyli annarra lífi lifa, paradharma परधर्म

Hugur eftirlifendanna til hins horfna sé jákvæður.
Ást og virðing er góð fyrir hvern þann sem er að þróast.
Þeir sem dvelja hjá mér eru að þróast í heildina litið.
Ég er aðeins smápása.
Halda brátt áfram á jörðu.

-Hvernig veit maður hvar og hvenær maður skyli fæðast á ný, blíða hjarta kalda Hel?

-Sá sem þekkt hefur Iðunni á sínu æviskeiði
(20., Iðunn gefur eplin þegar mennirnir sóast),
skilur vel kaffipásuna hjá mér.
Hann verður Víðarr,
hann verður Höður,
Hann veit af hnetunni sinni, sem Váli valur morguns ber í goggi sínum.
(33.)

nirvaña



Í fylgnum hnetunnar leynist það sem þarf:
minni um hvað gera þarf.
Og hann verður Baldur á ný.

Hnetan hylur ýmislegt, sem mun koma í ljós.
Maðurinn getur ekki haft yfirsýn yfir alla gjörðafækjuna sína.




Aðeins Urður Verðandi Skuld.
Einkum ekki hinn gruggugi maður sem er á kafi í efnisheiminum.



Því minnisfræjasekkurinn fer yfir kómmóðuna miklu -- einsog Þjóðvitnir (4.) kallar móðuna miklu.

Sumir eyða ótal æviskeiðum í að skilja þetta ekki.



Margir muna þó fyrri líf.
Það er minni milli æva, deya vu.
Stundum er þeim ekki trúað og taldir rugludallar.

Það þyrfti að kenna foreldrum, kennurum, sálfræðingum og geðlæknum meira en gert er, því þeir ættu að skilja og hjálpa en ekki skemma fyrir fólki vegna menntunarskorts -- og fylla menn af kláradelli sem þeir kalla menntun.

Aðrir skilja ekki hvers vegna allt gengur í hagin hjá sumum en allt er í rassi hjá öðrum. Finnst það ósanngjarnt á stundum. Verða abbó. Kenna ýmsu um svo sem kringumstæðum, foreldrum sínum og öðru fólki. Þessu sem kalla kannski röð tilviljana, heppni, óheppni, klaufaskap.....



Þeir ættu að skilja Urði Verðandi Skuldu.
Þeir ættu að vita að fley þekkingarinnar ber menn yfir alla ósvinnu.

Allt er í raun einsog það á að vera, völva smá.
Menn ættu að taka því sem að höndum ber.
Treysta Urði Verðandi Skuldu. Þær eru lögmál.

Ekki neinn duttlungafullur hentistefnu-Guð sem mismunar mönnum eftir geðþótta.

Menn verða að skilja að hver og einn skóp örlög sín.

Menn hafa frjálsan vilja,
þeir hafa Þór í sér (1.), og gefast ekki upp.

Skilninginn vantar,
Óðsmál gefa hann.

Urður, gjörðir, hugsanir og atvik í fyrri lífum eða fyrr í þessu núverandi, fara í Verðandi, skoppa um allan heim, rekast á hitt og þetta sem fyrir verður,
og allt þetta gamla dót, gott eða slæmt, kemur í hausinn á gjörandanum á ný, sem Skuld, Skylda.

T.d. er fjölskylda Skuld. Menn fæðast til síns karma.

Bara bergmálsaðferðin. Ofureinfalt ferli,
lög málið: gjörð, og ætíð jöfn mótgjörð.

Ræddu nú við Mími, völvu smá, og hann veit ýmislegt sem mennirnir þurfa að skilja.

-Blessuð ætíð, Helia ljúf, og beztu þakkir.

-Lifðu heil!
Svo sjáumst við síðar.
Ekkert kaffi, engar pönnukökur.

Mímir

*-Heill, Mímir.
Við vitum að Óðinn ræðir við Míms höfuð.
Ertu minnið persónugert,
minnið um hver við erum í raun og veru?
Hve djúpur er brunnur þinn, Mímir?
Hví auga að veði fyrir þína vizku?*

-Þegar við munum á ný að við erum þekkingin mikla (40.),
þá höfum við öðlast smriti. Alminni.
Þá ræðum við við Míms höfuð, og sjáum (Sága, 18.).

Sága í Sökkvabekk er okkar sjáandi gyðja, Frigg í Fensölum.
Hin sjáandi hefur rætur í djúpinu, blómstrar í mannlífinu, einsog
vatnaliljan sem vex uppúr leðjunni og opnast móti himninum og sólinni.

Ekkert fær vætt blöð hennar.
Að svetta vatni á gæs, er: hefur ekki áhrif.



vatnaliljur

Ekkert loðir við hinn tæra uppljómaða mann. (18., Frigg/Sága)

Ætíð skyli virða og dýrðka gyðjuna miklu.
Hún er hið æðsta í heimi hér.
Allir megir Heimdallar meiri og minni elska hana mest af öllu.

Án hennar eru guðin og Mímir aðeins þögn, aðeins hálfur heimur.

Heil ætíð, mikla gyðja sköpunar og kærleika!

Óðinn ræðir við Míms höfuð,
það er einn minnugur alls.
Við tókum Óðin og Mími sem tvo,

en sá sem man er áfram einn.

Vitund kafar í djúpið sem er minningar, hið munaða,

en engu að síður eru Óðinn og Mímir einn.
Sá sem man er einn þrátt fyrir minnið,
sá sem hugsar er einn þrátt fyrir hugsun.

Einn sem gerður er úr tvennu.

Og svo er flæði milli okkar, en áfram einn, þótt flæðið virki sem ið þriðja.

Samgangurinn milli okkar veldur því að við virðumst tveir,
svo flæðið milli okkar virkar sem enn eitt,
en áfram er einn sem man.

Annar þáttur eins er virkur í eðli sínu,
hin þáttur eins óvirkur í eðli sínu,
sem er afleiðing upphafs þessa ferlis innan eindar.

Sterklega knýttir böndum og höftum.

Súútra सूत्र þráður, þráðum knýttir.

Brahmsútra,

nírgúnabrahm (eiginleikalaus)

og sagúnabrahm (hefur eiginleika),

knýttir með brahm.

Brahmsútra merkir aðeins minni.

Engu að síður áfram einn, þótt við séum hér komin með þriðja þáttinn í seiminn.

Áfram einn seimur þrátt fyrir þætti.

Þannig áfram, margþættur, en ætíð einn. -- Ætíð eind

Orðið trúarbrögð, religion, er ekki til í sanskrít, né heldur í forníslenzku, religare þýðir að binda við, re (back) - ligare (festa), þá tengsl manns og guðs/guða.

Ætti ekki að notast í að tengja sauðina við stofnunina einhverjum órjúfanlegum en ímynduðu böndum og höftum.

Höft og bönd sem verða til milli okkar, Mímis og Óðins, er hið þriðja, ekki satt?

Óðinn ræðir við Míms höfuð er orðið þrennt.

En áfram erum við eind,

með samgang, minni, tengingu, innan okkar tveggja sem erum einn sem man.

Skiptingin heldur raunar áfram,

en ætíð er eindin eind.

Ætíð full. Ætíð fylld.

पूर्णमदः पूर्णमिदं पूर्णात्पूर्णमुदच्यते । पूर्णस्य पूर्णमादाय पूर्णमेवावशिष्यते ॥

púurnam adam, púurnam idam púurnaat púurnam uadcyate

púurnásya púurnam aadaaya púurnam evaavashisyaste

Fylld er það, fylld er þetta hér, fylld kemur úr fylld,

þrátt fyrir að fylld (100% heimur) sé tekinn úr fylld (100% ginnungagapi)

verður samt eftir fylld, því ginnungagap rýrnar ekki við að úr því skapast heimurinn.

Sama þótt alheimur verði til úr þessu ginnungagapi, ekki breytist það,

Það er óhagganlegt.

Minni er það sem veldur hugtakinu tveir innan eins og hins sama.
Minni er milli þeirra, annar virkur í eðli sínu hinn óvirkur í eðli sínu.
Annar frumkvöðull. Annar tekur hinn inn, ef svo má að orði komast.

Nú er það svo, að smriti, स्मृति (frb ísmrítí) minnið, hefur fleiri merkingar en við höldum.

Lagskipt, sem svo margt, sem hefur yfirborð og dýpt:

Munum við hvar uppruni okkar er?

Munum við hver uppruni okkar er?

Er maayaa माया

(það að við sjáum með augunum okkar efnisagnir eingöngu)

og avidya अविद्य (ósvinna; a neitandi forskeyti, vidya þekkingin)

svo þykkt og svo glepjandi í okkar veraldlegu augum að við munum ekki að við erum ginnungagap?

Við missum sjónar á grundvallarraunveruleikanum vegna skilningarvitsins sjónarinnar,

-- og hinna fjögurra, heyrnar tilfinningar bragðs ilmanar --
og vegna skorts á fræðslu og þekkingu.

Vegna þess að við hnýsumst ekki niður. (Hávamál v.138.)

Erum ekki sjáandi menn.

Þeir sem stunda samsviðstæknina skilja betur og betur.

Maaya og avidya gufar smátt og smátt upp, þynnist og hverfur.

Munum við hvar uppruni okkar er?

param purusha, परं पुरुषा

er þessi æðsti veruleiki, kyrrðin mikla sem er.

Eindin, ginnungagap, aldrei tveir,

en inniheldur minni,

er gerð úr minni.

Þessi merking smriti, minnis, er mikilvægust.

Muna hver við erum.

(40., ísmrítir labdhaa.)

Geindin er þannig gerð að hún er ein -- þótt hún muni margt.
Vitsmunir eru skapandi kraftar -- en eru eind.

eka sarva brahma, neha nanasti kinchan

एक सर्व ब्रह्म नेह ननस्ति किञ्चन

einn, enginn annar. Eitt er ginnungagap. Ekkert annað er.

Brahm er allt. Brahm er einn, en man margt,
allur fjölbreytileikinn er í honum.
Hann er áfram eind,
hann man fjölbreytileikann sem úr eindinni kominn er.

Óðinn

ræðir við

Míms höfuð

og þetta er aðeins byrjunin af skiptingunni innan eindarinnar,

eindarinnar sem er sjálfsvísandi og óumbreytanleg.

Verður margir gegnum minni.

Áfram koma eiginleikar og hugtök og hugmyndir,
hvað leiðir af öðru,
áfram er eindin eind þrátt fyrir áframhaldandi upptalningu.
Einn, gervirinn, verður margt en breytist ekki að heldur sjálfur.

Nemandi - námið – námsefnið er í raun eind. Ekki þrennt.
Virkar á okkur sem þrennt, en í raun eind.
(37., vitundarþroskamenntun.)

Ímyndið ykkur hve nám verður auðvelt þegar við sjáum þetta og
upplifum það!

http://www.poverty-removal.org/appendix16n/appendix_16_.html
(nemi nám þekkingin í eind)

Menntun er ábótavant í þjóðfélagi sem ekki hefur
vitundarþroskamenntun (37.) í öllum skólum.
Nemandi námið námsefnið sem eind.

Vitundarþroskamenntun sýnir okkur þetta (37.).
Þar lærum við rannsóknir innan vitundar.

dhíi dhrití smrití धी धृति स्मृति

dhú er löngunin, hugsunin, það sem maður sér fyrir sér,
dhrítí er að ná markmiði, halda því, kraftur sem heldur, skilningur,
smrítí er minni, muna það sem maður lærði.

Margir eru fletir á minni,
mörg lög skilnings hefur minnið.

Mímir man uppruna alls sem er.



Þjóðvitnir:


-Þú ert ekki neitt rosalega skemmtilegur, Mímir minn.



Ertu ekki þessi mikla margumrædda gleidd?

Glaðheimar sjálfir -- sem ekki allir menn þekkja? Alminnugur alls?

Viltu ekki minna menn á að muna eftir draslinu í verslu,
það er svo eftirminnanlega skemmtilegt.



Menn muni eftir að láta skilningarvitin mata heilabúið á öllu fineríinu.

Og þeir muni eftir vítahringnum skemmtilega (**4. skræða**),
rútsibananum mínum og hinu og þessu sem þeir þurfa að muna?

Samkalpa er einnig minni.

sankalpa er ætlun, ekki satt?

Þetta þarf að koma fram hér í þessari minnisauglýsingu þinni, Mímir minn.

Sláum upp brekásballi og gleðiskralli, Mímir minnistralli !!!



Fáum eitthvert fútt í þetta !!



Nú var ég sko fyndinn !!!

-Ginnungagap er kyrrð dýpisins, Þjóðvitnir litli.
Það hefur yfirborðsöldur.
Ginnungagap hefur yfirborðsöldur sem við sjáum sem alheiminn.
Öldur á hafi eru í raun hafið.
Flæðið innan kyrrðarinnar er að vísu flæði, en er innan kyrrðar,
innan þess sem ekki er flæði heldur kyrrð.
Kyrrðin er orkuhlaðin og er á hreyfingu.

Ginnungagap er sem kyrrt úthaf sem rís í öldum af Mími, ísmríti स्मृति.
En hver alda man uppruna sinn.
Rétt einsog ungvíðið man alltaf mömmu,
og mamma man alltaf ungvíðið sitt.

Mímir er minni um heildina,
heild sem kyrrð og sem orkuhlaðna kyrrð.

Tengslum milli dýpisins og yfirborðsaldanna er viðhaldið af tívum,
devata, höftum og böndum.
En áfram er eind.

Höft og bönd eru svinns kraftur sem brýzt fram,
einsog gjósandi bulluhverir,
svinns eldgos,
tafl - og nýr og nýr leikur,
þaræð hinn mikli svinnur, skilningur, er á hreyfingu,

hinn mikli svinnur á hreyfingu.

Hreyfingin, tafl tíva, viðheldur tengingunni milli öldunnar og dýpisins.
Sívirkir teflandi tívar viðhalda tengingunni.

Minnið tengir innri kyrrð og ytri ókyrrð.
Veröldin er öldur og ókyrrð.
En samt er hún ginnungagapið ginnhelga.

Ginnungagap er þekkt sem Mímir, smriti स्मृति minni.

ekam sad vibra bahudha vatanti एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति

einn er sannleikurinn, hinir vitru nefna hann mörgum nöfnum.

Hægt að sjá Ægi (2.) sem ginnungagap (26þ). Persónugert ginnungagap.

Hægt er að skilja Glaðheima (14.) sem ginnungagap.

Hægt er að sjá Mímisbrunn sem ginnungagap með minni um allt sem er.

Þegar við munum á ný að við erum þekkingin mikla, þá höfum við öðlazzt smriti.

Þá ræðum við við Míms höfuð,

sjáum;

etv. er þriðja augað hjá Mími.

Ægir útskýrir í 2. skræðu vel (sjá það):

rítsjó A ksare/richo akshare रिचो अ क्षरे परमे व्योमन्

Eilífðin hverfist, klofnar innan sjálfrar sín,

úr hinu eilífðarviða A, í punkt, ka.

Þaðan kemur allt tafl tíva.

Þar byrjar allt, og þar byrja tívar.

Kyrrðin mikla framkvæmir í eind, sem eind, og verður sköpun.

richo akshara parame vyoman, yasmin deva adhivishve nisheduh.

(sjá 2., Ægi, sem útskýrir vel, og 5., um tívatún)

Tívar, devata, búa í þessu sjálfvísandi sviði eindarinnar, samsviði allra

lögmála týréttra,

stjórna alheimi,

koma út með óendanlega margskiptingu ginnungagaps.

Samt er ginnungagap eind.

Vitund á hreyfingu.

Mímir man allt.

Tívar tengja allt,

tengja yfirborðsöldur og dýpisins kyrrð.

Höft og bönd.

Vitundarþroskanemar (37.)


skilja samsvið allar náttúrulögmála út frá Mími.

Vedavísindi hvísla að vestrænum vísindamönnum.

Nú vita þeir hvers þeir eiga að leita.

Maharishi hefur útskýrt.

Maharishi hefur gefið öllum skilning.
Nú fyrst er að hefjast vísindaöld sem getur borið það nafn.



Vitundarvísindi. Tær eðlisfræði.

Nemar sem stunda TM í hundraðavís í hópum, hafa áhrif á stjórnun í heiminum. (37., vitundarþroskamenntun.)

Þegar vitund þjóðar -- og þjóðanna -- kyrrist,
þá taka ráðamenn týréttar ákvarðanir
-- ekki fyrr!!

Meðan rugl er í þjóðarvitund taka ráðamenn rangar ákvarðanir.
(38., friður, stjórnarskrá alheims.)

Krafturinn (tún, δυναμῖς) byggir upp,
eilífðin, völluminn mikli, vísar aðeins til sjálfrar sín,
hún er ginnungagap,
allt ið skapaða er ginnungagap,
tengist þar sem tívar tefla. Samsvið allra náttúrulögmálanna.

Veda geymir þekkinguna um þetta.

Við þurfum að læra það sem gleymzt hefur í tímans rás á myrkum öldum
vanþekkingar og afvegaleiðingar.

Hvað eru þá vísindi?

Vísindi er það að öðlast þekkingu á skipulagðan hátt.

Og hvað er vísindalega sannað?

Vísindalega sannað er það sem hægt er að gera af yfirlögðu ráði,
á ákveðinn hátt, hvenær sem er, aftur og aftur,
og gefur ætíð sömu niðurstöðu,
fyrirframvitað ferli, fyrirframvituð niðurstaða.

Vísindalega sannað telst: þegar hægt er að framkalla með ákveðnu vITUðu
ferli eða gjörðum, fyrirframvituð áhrif eða ástand, hvenær sem er, alltaf
þau sömu.

Vísindi eru ferli, skipulegt ferli, til að öðlast þekkingu.

Og hvað er svo tækni?

Tækni er að beita þekkingu til að ná eftirsóttu markmiði.

Samsviðstæknin er heims þarfasta tækni.

TM tæknin og -vísindin eru eitt og hið sama.

Huglæg tækni og -vísindi í einum og sama pakka!

Hið óskapaða, uppspretta og undirstaða alls,
einnig uppspretta skapandi innsæis mannanna,
er hreyfing ósköpuð,
krafturinn í hinu óendanlega, hið víða A í vedu.

Mímir man hvert eitt einasta atriði sköpunar innan eilífdarinnar.



Þjóðvitnir:

-Núh ! þabbara sona !

Voru ekki allir örugglega með fullkomna athygli allan tímann ???

-- og fullkomið minni um allt sem Mímir sagði um minnið ???



ISBN 978-9935-409-12-6

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म

sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega.

Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,
auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मिस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.
Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM,
auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan
skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims
sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi.
Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.
Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa
Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.
Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við
sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til
heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að
vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri
þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri
menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi.
Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma),
annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmal okkar ómetanlega fagurra menningararfs.
Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að
geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í
leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis
vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í
þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
